

## Mannekla lögreglu og mjúk löggæsla í dreifbýli

GUÐMUNDUR ODDSSON, dósent við Háskólann á Akureyri

ANDREW PAUL HILL, lektor við Háskólann á Akureyri

**ÚTDRÁTTUR:** Markmið rannsóknarinnar eru að kortleggja þróun mannafla íslensku lögreglunnar frá árinu 2007, skoða lögregluna í evrópskum samanburði og greina upplifun dreifbýlislögreglumanna af helstu áskorunum þeirra og bjargráðum. Notast er við fyrirbyggjandi gögn og viðtöl við 23 lögreglumenn með starfsreynslu í dreifbýli. Niðurstöðurnar sýna að starfandi lögreglumenn voru 648 árið 2017 og hafði fækkað um 9% frá 2007. Landsmönnum fjölgaði samhliða um 10%. Árið 2018 var Ísland meðal þeirra Evrópulanda sem höfðu hvað fæsta lögreglumenn (185) á hverja 100.000 íbúa. Hvergi fækkaði lögreglumönnum jafn mikið í Evrópu milli 2009 og 2018 og hérlendis (29,1%). Samhliða nær fimmfaldaðist fjöldi erlendra ferðamanna. Fólksfjölgun, fjölgun ferðamanna og fækkun lögreglumanna hafa aukið álag og komið niður á löggæslu, ekki síst í dreifbýli. Niðurstöður viðtala sýna að helstu áskoranir sem dreifbýlislögreglumenn upplifa eru mannekla, ofurálag, margþætt verkefni, lítil aðstoð og óskýr mörk vinnu og einkalífs. Helstu bjargráð dreifbýlislögreglumanna eru að þróa með sér fjölþætta kunnáttu og hugvitssemi við að virkja félagsauð nærsamfélagsins. Mikilvægust er góð samskiptahæfni sem byggist á samræðum, hæfileikanum að geta stillt til friðar og mjúkra löggæslu til að viðhalda trausti almennings og samstöðu. Félagssauður nærsamfélagsins, sem grundvallast á trausti, samvinnu og óformlegu félagslegu taumhaldi, hjálpar dreifbýlislögreglunni í þessum efnum.

**LYKILORD:** Lögregla – Mannekla – Dreifbýlislöggæsla – Áskoranir – Bjargráð

**ABSTRACT:** This study maps police staffing in Iceland since 2007 from a European comparative perspective and analyses the main challenges and practices of rural police officers using secondary data and interviews with 23 police officers who have worked in rural areas. Iceland had 648 working police officers in 2017, a 9% reduction since 2007. Iceland's population increased by 10% during this time period. In 2018, Iceland had among the fewest police officers (185) per 100.000 inhabitants in Europe and experienced Europe's most significant reduction in the number of police

officers from 2009-2018 (29.1%). Concurrently, the number of tourists grew almost fivefold. Population growth, a tourism boom, and declining police staffing have negatively affected policing, particularly rural policing. The interviews show that the main challenges rural police officers experience are understaffing, overwork, an extensive range of tasks with little backup, and a blurring of work and home. To meet these challenges, officers must develop a broad skill set and be innovative in activating the community's social capital. Most importantly, officers must develop excellent communication skills centred on dialogue, de-escalation, and soft policing to maintain trust and consensus. Community social capital, rooted in high-trust, cooperation, and informal social control, helps rural police officers in this regard.

**KEYWORDS:** Police – Understaffing – Rural policing – Challenges – Practices

## Inngangur

Rannsóknir á lögreglunni einblína á stórborgir og þéttbýli en dreifbýlislöggæsla er vanrækt sem rannsóknarsvið (Ceccato og Dolmen, 2011; Yarwood og Wooff, 2016). Rannsóknir sýna þó að ýmislegt er frábrugðið við dreifbýlislöggæslu og því mikilvægt að rannsaka hana sérstaklega (t.d. Rantatalo o.fl., 2020). Þrátt fyrir aukinn áhuga á sviðinu hafa fáar rannsóknir verið framkvæmdar á sérstökum áskorunum og bjargráðum dreifbýlislögreglumanna (sjá þó Fenwick, 2015; Souhami, 2020). Í þessari grein er greint frá niðurstöðum rannsókna á upplifunum íslenskra dreifbýlislögreglumanna af áskorunum sínum og bjargráðum – sem hjálpar til við að fylla upp í umrætt skarð á sviðinu – ásamt því að kortleggja þróun mannafla íslensku lögreglunnar frá árinu 2007 og skoða lögregluna í evrópskum samanburði.

Rannsóknir sýna að dreifbýlislögreglumenn eru alla jafna faliðaðir og þurfa að halda uppi lögum og reglu í viðfeðmum lögregluumdæmum. Dreifbýlislögreglumenn ferðast langar vegalengdir, oft um hrjóstrugt landslag og við erfið veðurskilyrði, sem þýðir lengri viðbragðstíma (Slade, 2012; Souhami, 2020). Þá hafa dreifbýlislögreglumenn minni stuðning frá öðrum lögreglumönnum og sérdeildum. Þeir eru því félags- og landfræðilega einangraðir frá öðrum úr starfsstéttinni, mikilvægi stöðþjónustu, öðrum viðbragðsaðilum og félagsþjónustu (Fenwick, 2015; Yarwood, 2015).

Það felast einnig menningarlegar áskoranir í dreifbýlislöggæslu, s.s. einstök saga byggðarlaga, viðmið, gildi og væntingar (Yarwood og Mawby, 2011). Íbúar dreifbýlla svæða hafa oft sterka samfélagsvitund og þekkjast vel, sem getur birst í tortryggni í garð utanaðkomandi. Oft búa þó dreifbýlislögreglumenn þar sem þeir vinna. Það felur í sér kosti og galla. Slíkt getur t.a.m. leitt til hlutverka-áreksturs (e. *role conflict*), sem lögreglumenn upplifa oft í dreifðum byggðum (Buttle o.fl., 2010; Wooff, 2015). Það getur t.d. verið snúið að fara stranglega eftir lagabókstafnum og reglubókinni og taka virkan þátt í nærsamfélaginu þar sem dreifbýlislögreglumenn búa alla jafna í miklu návígi við þá sem þeir hafa afskipti af í starfi sínu (Huey og Ricciardelli, 2015; Ruddell og Jones, 2020). Það þarf m.ö.o. að laga dreifbýlislöggæslu að viðkomandi samfélagi og hinu víðara efnahags-, félags- og menningarlega samhengi (Lindström, 2015; Yarwood, 2015).

Dæmigerður dreifbýlislögreglumaður þarf að sinna fjölbreyttari verkefnum en í þéttbýli sökum manneklu og vegna þess að félagsþjónusta er takmörkuð (Pelfrey, 2007; Terpstra, 2017). Dreifbýlislögreglumenn þurfa því að geta unnið sjálfstætt og vera fjölhæfir. Þeir þurfa jafnframt að einblína á forvarnir og þjónustuhlutverkið heldur en að eltast við lögbrjóta, reiða sig á samræður frekar en valdbeitingu og vinna náíð með samfélaginu. Dreifbýlislöggæsla einkennist fyrir vikið öðru fremur af mjúkri löggæslu (e. *soft policing*), sem leggur áherslu á aðra þætti löggæslu en valdbeitingu og þvinganir (s.s. samræður og almenna lempni) (McCarthy, 2014; Wooff, 2017). Náin samvinna

við samfélagið krefst þess jafnframt að viðkomandi lögreglumenn skilji menningu byggðarlagsins og taki að sér leiðtogahlutverk. Áskoranirnar koma einnig að stórum hluta til vegna nálægðar við íbúana og þess að mörg viðfangsefna dreifbýlislögreglumanna flokkast ekki til hefðbundinnar löggæslu. Því er nauðsynlegt að viðkomandi hafi djúpan skilning á sérstökum kröfum dreifbýlislöggæslu (Fenwick o.fl., 2012; Ruddell og Jones, 2020; Wooff, 2017).

Dreifbýli er hins vegar fjölbreytilegt innan og milli landa (Cordner, 2011). Í ljósi þessa er mikilvægt að hafa í huga að flestar rannsóknir á dreifbýlislöggæslu byggja á reynslu Ástrala, Bandaríkjamanna og Breta (Ceccato og Dolmen, 2011). Þessi þjóðfélög eru fjölmenn og fjölbreytt ójafnaðarsamfélög með tiltölulega gisin velferðarkerfi. Þörf er á rannsóknum frá annars konar þjóðfélögum, s.s. Norðurlöndunum, sem eru í samanburði einsleit jafnaðarsamfélög með þéttriðin velferðarkerfi (Esping-Andersen, 1990). Í tilfalli Norðurlandanna ýta jöfnuður og félagsleg samþætting – stofnanabundin með öflugum velferðarkerfi – undir traust til lögreglunnar og stuðla þar með að mjúkri löggæslu, sem löngum hefur einkennt norræn lögreglulið (Balvig og Holmberg, 2005; Høigard, 2011). Í alþjóðlegum samanburði ríkir mest traust til lögreglunnar á Norðurlöndunum (Kääriäinen, 2016; Tómas Bjarnason, 2014) og norræn réttarvörslukerfi, þ.m.t. löggæsla, þykja mannúðlegri en víðast annars staðar (Pratt og Eriksson, 2013; Ugelvik, 2016). Norrænum rannsóknum á lögreglunni hefur fjölgað sl. 15–20 ár (Høigard, 2011), en rannsóknir á dreifbýlislöggæslu hafa setið á hakanum (sjá þó Lindström, 2015; Rantatalo o.fl., 2020). Íslenskum rannsóknum hefur fjölgað samhliða (t.d. Finnborg Salóme Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018; Guðmundur Oddsson o.fl., 2020; Ólafur Örn Bragason, 2006).


Markmið þessarar rannsóknar er að kortleggja þróun mannafla íslensku lögreglunnar frá árinu 2007, skoða lögregluna í evrópskum samanburði og greina upplifun dreifbýlislögreglumanna af helstu áskorunum þeirra og bjargráðum. Notast er við fyrirliggjandi gögn og viðtöl við 23 lögreglumenn með starfsreynslu í dreifbýli. Spurt er: Hver er staða íslensku lögreglunnar á alþjóðavísu er kemur að mönnum? Hvað upplifa dreifbýlislögreglumenn sem helstu áskoranir sínar og bjargráð?

Næsti kafli fjallar um þróun mannafla íslensku lögreglunnar í ljósi almennrar þjóðfélagsþróunar og evrópsks samanburðar. Einnig er fjallað um mikilvægi dreifbýlislöggæslu fyrir íslenskt samfélag. Kafliinn á eftir fjallar um viðtalsgögnin og -aðferðir og loks verða niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar reifaðar.

## Íslenska lögreglan: Staða, þróun og evrópskur samanburður


Vestræn þjóðfélög umbreyttust á 19. og 20. öld úr strjálbýlum landbúnaðarsamfélögum í þéttbýl (síð)jónaðar- og þjónustusamfélög. Iðn- og þéttbýlismenning og síðar ör markaðs- og hnattvæðing hafa aukið hraða og flækjustig samfélaga og gert lögreglustarfið erfiðara (Bayley, 2016). Þróunin hefur kallað á breytingar á skipulagi lögreglu. Kröfur um hagræðingu, skilvirkni og sérhæfingu hafa t.d. leitt til aukinnar miðstýringar. Á Norðurlöndunum hefur t.d. lögregluumdæmum verið fækkað og hlutverk ríkislögreglustjóra sem yfirmanns lögreglu styrkt (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2019; Lindström, 2015).

Tilgangur miðstýringar er að bæta árangur og skilvirkni. Fækkun og stækkun lögregluumdæma á jafnframt að samhæfa þau með því að gera þau líkari innbyrðis (Ríkislögreglustjóri, 2019). Fræðimenn segja þó að aukin miðstýring bitni á dreifbýlislöggæslu, s.s. með lokun smærri stöðva og minni sýnileika lögreglu í fámennari byggðarlögum (Lindström, 2015; Yarwood og Mawby, 2011). Þetta hefur torvelað störf dreifbýlislögreglunnar, sem hefur jafnan fáa lögreglumenn miðað við höfðatölu og ferkílómetra og herra hlutfall afleysingafólks en þéttbýlislögreglan. Þá er hætta á að mýkra yfirbragð dreifbýlislöggæslu herðist með aukinni miðstýringu (Smith og Somerville, 2013), en dreifbýli býður alla jafna upp á betri aðstæður fyrir mjúka löggæslu en borgir og stærra þéttbýli í ljósi fámennisins, nálægðarinnar og mikils trausts manna á milli (Wooff, 2017).




**Mynd 1:** Lögregluumdæmin á Íslandi.

Síðustu 15 ár hefur verið ráðist í umfangsmiklar skipulagsbreytingar á lögreglunni hérlendis. Árið 2007 var lögregluumdæmum fækkað úr 26 í 15 og árið 2015 í níu. Samhliða seinni sameiningunni var umdæmum, þar sem sýslumenn voru einnig lögreglustjórar, skipt upp í sjálfstæð umdæmi lögreglu og sýslumanna og nýir sýslumenn og lögreglustjórar voru skipaðir (Lögreglan, 2020). Þá eru uppi hugmyndir um frekari fækkun umdæma (Birna Stefánsdóttir, 2019). Mynd 1 sýnir lögregluumdæmi á Íslandi. Samkvæmt skilgreiningu OECD (2012), sem stuðst er við í þessari rannsókn, er þéttbýli stjórnsýslueining með fleiri en 150 íbúa á ferkílómetra. Stjórnsýslueining með færri en 150 íbúa á ferkílómetra telst aftur á móti dreifbýli. Samkvæmt þessu teljast öll lögregluumdæmi landsins til dreifbýlis, utan höfuðborgarsvæðisins og Vestmannaeyja, en hið síðarnefnda telst hins vegar afskekkt (e. *remote*).



**Mynd 2:** Raunfjöldi lögreglumanna milli 2007 og 2017, mannaflapörf og ef mannafla lögreglu hefði fylgt mannfjöldapróun (heimild: Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2019).

Samfara sameiningu lögregluumdæma hefur lögreglumönnum fækkað (Mynd 2). Fækkunina má rekja til aðhaldsaðgerða í kjölfar efnahagshrunsins og ónógra fjárheimilda. Að mati ríkislögreglustjóra var æskilegur fjöldi starfandi lögreglumanna 890 árið 2017. Það ár voru hins vegar einungis 648 starfandi lögreglumenn, en voru 712 árið 2007 (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2019). Karlar voru í miklum meirihluta (84,4%) meðal lögreglumanna árið 2016 (Ríkislögreglustjóri, 2016). Fækkun lögreglumanna 2007–2017 nam 9% meðan landsmönnum fjölgaði um 10% (úr 307.672 í 338.349) (Hagstofa Íslands, 2020a). Þá jókst hlutfall erlendra ríkisborgara frá 2007 til 2019 úr 6% í 12,4% (Hagstofa Íslands, e.d.), en lögreglan hefur ekki jafn greiðan aðgang að samfélögum innflytjenda og að innfæddum. Auk mögulegra tungumálaörðuleika treysta þjóðernislegir minnihlutahópar alla jafna lögreglunni síður en innfæddir, sem getur torveldað samskipti og störf lögreglu (Van Craen og Skogan, 2015). Hlutfallsleg fækkun lögreglumanna 2007–2016 var meiri hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (14,5%) en hjá hinum umdæmunum (7,1%) (Ríkislögreglustjóri, 2007–2016). Þá nær fimmfaldaðist fjöldi erlendra ferðamanna frá 2007 til 2018 (úr 485.000 í 2.343.773) (Ferðamálastofa, 2020) og fjöldi starfandi lögreglumanna á hverja 1.000 landsmenn og ferðamenn fór úr 0,9 í 0,2 (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2019).



**MYND 3:** Fjöldi lögreglumanna á hverja 100.000 íbúa árin 2009 og 2018 í löndum Evrópu (heimild: Eurostat, 2020b).

Ísland er ekki eina landið þar sem lögreglumönnum hefur fækkað samfara sameiningu umdæma, aukinni miðstýringu og niðurskurði. Á mynd 3 má sjá fjölda lögreglumanna miðað við höfðatölu í löndum Evrópu árin 2009 og 2018. Ísland er með hvað fæsta lögreglumenn í allri Evrópu miðað við höfðatölu (185 á hverja 100.000 íbúa). Það vekur hins vegar sérstaka athygli að fækkun lögreglumanna hérlendis (29,1%) var sú mesta á tímabilinu í Evrópu (Eurostat, 2020b). Frá 2009 til 2019 varð jafnframt næstmest fjölgun gistinátta ferðamanna (194%) á Íslandi meðal allra landa Evrópu (Eurostat, 2020a).

Samkvæmt Greiningardeild ríkislögreglustjóra (2019) hafa fólksfjölgun, fjölgun ferðamanna og fækkun lögreglumanna komið niður á almennri löggæslu, forvörnum og frumkvæðisvinnu og aukið álag á lögreglumenn. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að mannekla kemur niður á viðbrögðum og viðbragðstíma lögreglu sem og öryggi lögreglumanna og almennings. Því er ekki að undra að mannekla er ein helsta uppspretta álags og streitu fyrir lögreglumenn (Duxbury og Higgins, 2012; Ricciardelli, 2018). Þá sýna rannsóknir fram á neikvæða fylgni milli fjölda lögreglumanna og afbrotatíðni (Lim o.fl., 2010; Lindström, 2015). Fækkun lögreglumanna þýðir að

færri starfsmenn þurfa að sinna sömu verkefnum og fyrr, sem eykur álag. Aukið álag getur birst í hærri slysatíðni en tilkynntum vinnuslysum lögreglumanna hérlendis fjölgaði frá 2005 til 2015. Síðara árið var tíðni vinnuslysa hér á landi orðin hæst meðal lögreglumanna samanborin við aðrar starfsstéttir (Guðmundur Kjerúlf, 2017). Verkefnum lögreglu, sér í lagi í dreifbýli, hefur hins vegar fjölgað í takt við aukinn ferðamannastraum, sbr. fleiri slys, umferðaróhöpp og leitir að týndu fólki.

### Mikilvægi dreifbýlislöggæslu hérlendis

Dreifbýlislöggæsla skiptir miklu máli fyrir Íslendinga, enda bjuggu 131.730 manns utan höfuðborgarsvæðisins í upphafi 2020. Íbúum utan höfuðborgarsvæðisins fjölgar stöðugt þó hlutfall þeirra af mannfjölda fari lækkandi því íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgar hraðar (Hagstofa Íslands, 2020b). Ísland er einnig eitt strjálbýlasta land heims (Sameinuðu þjóðirnar, e.d.).

Lögreglan þarf að taka mið af aðstæðum í dreifbýli, s.s. breytilegu landslagi, veðurfari og innviðum. Þá er afbrotatíðni víðast lægri í dreifbýli en þéttbýli (Yarwood, 2015). Á Íslandi er afbrotatíðni hærri á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum lögregluumdæmum (Ríkislögreglustjóri, 2019). Flest hegningarlagabrot á íbúa árið 2018 voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (426 brot á 10.000 íbúa) en fæst á Norðurlandi vestra (87). Brotapolakannanir sýna jafnframt að íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að verða þolendur afbrota en íbúar utan þess (Guðbjörg S. Bergsdóttir o.fl., 2019; Jónas Orri Jónasson og Rannveig Þórisdóttir, 2017). Landsbyggðafólk óttast síður afbrot en íbúar höfuðborgarsvæðisins og telur einnig minni líkur á að það verði fórnarlömb afbrota (Guðbjörg S. Bergsdóttir o.fl., 2019; Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012).

Afbrotatíðni í dreifbýli, líkt og í þéttbýli, er þó meiri en kemur fram í opinberri afbrotatölfræði og brotapolakönnunum. Mannekla lögreglu torveldar aukinheldur uppljóstran brota auk þess sem rannsóknir sýna að neikvæð fylgni er milli fjölda lögreglumanna og afbrotatíðni (Lim o.fl., 2010). Jafnframt er hætta á að fólk í dreifbýli tilkynni síður afbrot ef það telur að það fái ekki úrlausn sinna mála sökum manneklu lögreglu (Lindström, 2015). Þá þrífst brotastarfsemi oft í skjóli dreifbýlis, en lögreglan þekkir dæmi þess að skipulagðir glæpahópar teygi anga sína út fyrir höfuðborgarsvæðið (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2015; Sigurður Jónasson, 2018).

Sum afbrot og atvik sem rata á borð lögreglu eru algengari í dreifbýli en þéttbýli, s.s. veiðibjófnaður, náttúruspjöll, náttúruhamfarir og slys tengd ferðamönnum. Enn fremur plaga sams konar afbrot dreifbýli og þéttbýli. Þá krefjast flestir þess að dreifbýlislöggæsla jafnist á við það sem best þekktist í þéttbýli. Slíkt er ekki alltaf raunin. Þetta birtist m.a. í hærri hlutfalli upplýstra mála í þéttbýli. Jafnframt er oft erfiðara að ráða menntaða lögreglumenn til starfa í dreifbýli (Ruddell og Jones, 2020). Dreifbýlisumdæmin hérlendis hafa t.d. fengið meira svigrúm til að ráða afleysingalögreglumenn og héraðslögreglumenn (sem hafa ekki lokið formlegri lögreglumenntun), en hlutfall þeirra er umtalsvert utan höfuðborgarsvæðisins (Þingskjal nr. 1316/2017–2018).

### Gögn og aðferðir

Til að greina hvað dreifbýlislögreglumenn hérlendis upplifa sem helstu áskoranir sínar og bjargráð voru tekin eigindleg og hálfstöðluð viðtöl við 23 einstaklinga (18 karla og 5 konur) með starfsreynslu í dreifbýli. Viðtölin voru framkvæmd 2019 og 2020 og var hvert 30 til 90 mínútna langt. Flest viðtölin fóru fram augliti til auglitis en sum í gengum fjarfundabúnað. Markvisst úrtak (e. *purposive sampling*) var notað til að finna viðmælendur en einnig snjóboltaúrtak (e. *snowball sampling*) (Silverman, 2013). Viðmælendurnir störfuðu í fimm af sjö dreifbýlisumdæmum og allir nema tveir höfðu jafnframt reynslu af lögreglustörfum á höfuðborgarsvæðinu.

Dreifbýli er, sem fyrr segir, ekki einsleitt (Cordner, 2011). Byggðarlögin sem viðmælendur okkar hafa starfað í spanna frá fámennum sjávarþorpum og strjálbýlum sveitabyggðum til fjölmennari bæja. Þóroddur Bjarnason (2015) hefur undirstrikað að byggðarlög utan höfuðborgarsvæðisins eru

margbreytileg og nær að ræða um „landsbyggðir“ heldur en (einsleita) „landsbyggð“. Þessi margbreytileiki mótar veruleika lögreglumanna. Starf dreifbýlislögreglumanna mótast t.d. af því hvort þeir starfa skammt frá höfuðborgarsvæðinu, í stærri landshlutamiðstöð eða á strjálbýlu svæði fjarri þéttbýli.

Þrjú rannsakendur framkvæmdu viðtölin, þ.e.a.s. fyrrum lögreglumaður (Andrew Paul Hill) og tveir núverandi lögreglumenn. Spyrnlarnir hafa reynslu af dreifbýlislöggæslu. Tilgangur viðtalanna var sá að fá fram upplifun viðmælenda af dreifbýlislöggæslu. Viðmælendur voru beðnir um að lýsa því hvernig viðkomandi gerðist lögreglumaður, væntingum til lögreglustarfsins, reynslu af dreifbýlislöggæslu og hvað gerði hana frábrugðna þéttbýlislöggæslu. Þá voru viðmælendur spurðir út í helstu áskoranir þeirra sem dreifbýlislögreglumenn og hvaða bjargráð nýttust til að mæta þessum áskorunum. Jafnframt voru viðmælendur beðnir um að koma með lýsandi dæmi um dagsdaglegt amstur dreifbýlislögreglumanna.

Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Persónurekjanleg atriði voru fjarlægð og viðmælendur fengu gervinöfn. Þá voru viðtalsgögnin þemagreind út frá viðmiðum grundaðrar kenningar (Corbin og Strauss, 1998). Flest viðtölin voru tekin á ensku og voru beinar tilvitnanir þýddar. Höfundar fullyrða ekki að niðurstöðurnar eigi við um alla dreifbýlislögreglumenn, enda ekki tilgangur eigindlegra rannsóknaraðferða að alhæfa, heldur að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu (Silverman, 2013). Sérhver viðmælandi hafði einstaka reynslu og viðhorf en fljótlega kom þó fram mettun (e. *saturation*) er varðar upplifun þeirra af helstu áskorunum og bjargráðum dreifbýlislögreglumanna. Mettun þýðir að hvert nýtt viðtal bætti litlu við heildarmyndina og því ekki þörf á fleiri viðtölum (Baker og Edwards, 2012).

## Niðurstöður

Fjögur meginþemu komu fram í viðtölunum. Lykilþemað (og undirrot hinna þriggja) er mannekla og ofurálag. Annað þemað er að mannekla og undirfjármögnun krefjast þess að dreifbýlislögreglumenn séu fjölbærir og hugvittsamir við að virkja félagsauð nærsamfélagsins. Þriðja þemað hverfist um þá áskorun að finna jafnvægi milli árangursríkrar löggæslu og þess að lifa í góðri sátt við samfélagið. Lokað þemað er að árangursrík dreifbýlislöggæsla ræðst af hæfileikanum að geta átt góð samskipti, sem grundvallast á samræðum, hæfileikanum að geta stillt til friðar og mjúkri löggæslu.

### Mannekla og ofurálag: Engan til að hringja í nema sjálfan þig

Mín reynsla er sú, að það er erfiðara að starfa sem lögreglumaður á landsbyggðinni, klárlega. Það er samt líka skemmtilegt. Landsbyggðin er fjölbreyttari; það er kannski allt rólegt og svo verður allt brjáláð. Þú hefur t.d. engan til að hringja í nema sjálfan þig og þarft að treysta mikið á sjálfan þig (Pétur).

Ummæli Péturs undirstrika rauðan þráð viðtalanna, en að mati viðmælenda þýðir dreifbýlislöggæsla að vera „einn á vakt“ og „alltaf í vinnunni“. Meðal þeirra sem höfðu orð á því var misjafnt hvort viðkomandi fannst dreifbýlis- eða þéttbýlislöggæsla meira krefjandi en greinilegt var að viðmælendur upplifðu grundvallarmun á þessu tvennu. Skortur á aðstoð er að þeirra mati mesti munurinn. Þetta er sérstaklega staðan í fámennari og afskekktari byggðarlögum þar sem einn eða tveir lögreglumenn vakta víðfeðm og strjálbýl svæði og langt er í aðstoð. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir (t.d. Fenwick, 2015).

Mannekla krefst öðruvísi samskipta við almenning og annarrar nálgunar á lögreglustarfið. „Úti á landi þá þarftu að tækla fólk á allt annan hátt heldur en á stærri svæðunum. Þú veist að þú ert einn með allt og ef þú klúðrar því þá ertu bara í vondum málum“ (Hannes). Að vera einn á vakt fylgir mikil ábyrgð, sem getur verið yfirþyrmandi. Ýmsir láta ekki bjóða sér löngu vinnudagana, óvissuna

og hlutverkaálagið (e. *role strain*) sem má rekja, að hluta, til misræmis milli væntinga viðkomandi til lögreglustarfsins og raunveruleika dreifbýlislögreglumannsins. Misræmið felst m.a. í því að dreifbýlislögreglumenn þurfa oft að leysa verkefni sem snúa ekki beint að því að framfylgja lögunum. Þá langar oft frekar, líkt og flesta lögreglumenn, til þess að sinna hefðbundnari löggæsluverkefnum. Þetta hlutverkaálag getur leitt til gremju (Huey og Ricciardelli, 2015).

Það sem er sérstaklega krefjandi við að vera einn á vakt, sögðu viðmælendur, er að fara í erfið útköll, jafnvel hættuleg, þegar langt er í aðstoð. Þetta er einn helsti streituvaldur lögreglustarfsins (Ricciardelli, 2018). Það er sérstaklega við erfið útköll sem þessi að lögreglumenn þurfa að lesa í aðstæður og bregðast við á viðeigandi hátt: „Ég segi alltaf að það er betra að stíga varlega til jarðar en skrefinu of langt. Því ef maður stígur skrefinu of langt, er ekki víst að þú getir tekið skrefið til baka“ (Birgir).

Dreifbýlislögreglumenn þurfa að ígrunda vel hvernig á að nálgast erfiðar aðstæður og oftast er skynsamlegast að fara varlega, lægja öldurnar með samræðum og bíða eftir aðstoð. Biðin er hins vegar hvorki auðveld né oft valkostur þegar mikið liggur við. Því þurfa dreifbýlislögreglumenn stundum að bíta á jaxlinn og takast einir á við mótaðila við ótryggar aðstæður. Það er á stundum sem þessum sem viðmælendurnir sögðust helst óttast um öryggi sitt og annarra. Þeir sögðust vissulega oftast fá aðstoð annarra lögreglumanna við alvarlegar aðstæður en oft væri langt í aðstoð.

„[S]íðan þegar að vaktinni lýkur, þá fer ég á bakvakt. Þá er maður í rauninni ennþá á vakt, maður er ekkert að slaka á, því maður er alltaf að bíða eftir kallinu“ (Ásmundur). Hér lýsir Ásmundur upplifun margra viðmælenda sem finnst þeir í raun aldrei vera á „frívakt“, sem er einnig algengt viðkvæði dreifbýlislögreglumanna erlendis (t.d. Fenwick, 2015). Auk þess að vinna oftast vaktavinnu og mikla yfirvinnu og vera „alltaf“ á bakvakt sögðust margir viðmælendur oft vera með samviskubiti yfir því að vera ekki í vinnunni vitandi hversu krefjandi hún er. Vegna þessa koma dreifbýlislögreglumenn á frívakt oft við á lögreglustöðinni og reyna að vera í kallfæri, s.s. með því að fara ekki langt frá stöðinni í fríum. Þetta fyrirkomulag er hins vegar lýjandi, eins og Pétur lýsir:

Þegar ég starfaði [í ónefndu lögregluumdæmi] þá var þetta bara bilun. Þegar við vorum á bakvakt þá var það skýrt þannig að við værum bara á bakvakt, sko en ekki í vinnunni. Þannig að við værum tæknilega séð í frí, en það var eiginlega aldrei. Í dag þá er þetta að breytast en samt bara í stærri samfélögum. Þeir geta tekið hvíldartímann en kannski ekki þeir sem starfa í minni samfélögum. Menn poppuðu bara og margir fóru illa út úr þessu og margir bara brunnu út . . . Þetta er bara ofurálag . . . (Pétur).

Einn streituvaldurinn við að vera „alltaf á vakt“ er óskýr mörk vinnu og einkalífs, þ.e. stöðug eftirspurn og sýnileiki dreifbýlislögreglumanna (Oliver og Meier, 2004). Viðmælendur töluðu, sem dæmi, um að nærsamfélagið sæi þá fyrst og síðast sem lögreglumenn. Þeir segjast fá símtöl í einkasíma og skilaboð á samfélagsmiðlum um vinnutengd málefni þegar þeir eru ekki í vinnu eða jafnvel í sumarfrí. Þá kemur fólk reglulega að máli við þá um lögreglumál í kjörbúðinni og sundlauginni og kemur jafnvel heim til þeirra. Sumir viðmælendur gerðu breytingar á lífsstíl sínum til að minnka áreitnið.

Og ég var bara lögreglumaður allan sólarhringinn, maður datt mjög fljótt í þann girinn að maður var bara lögreglumaður alltaf. Og ef að þú fórst í veislu eða bara eitthvað, þá kom bara fólk til manns og fór beint að ræða hluti við þig bara eins og þú værir í búningi. Þetta krafðist ákveðinna hluta af manni – maður auðvitað þurfti alltaf að vera ákveðin fyrirmynd. Og ég fann mjög mikinn mun á þessu þegar ég [vann] í Reykjavík, að bara um leið og þú stimplaðir þig út að þá varstu bara almennur borgari (Orri).

Orri lýsir hvernig dreifbýlislögreglumenn eru ávallt undir smásjá nærsamfélagsins og þurfa að vera



góðar fyrirmyndir. Sumir sögðu að þetta birtist t.d. í því að það væru gerðar meiri kröfur til þeirra og annarra fjölskyldumeðlima þar sem viðkomandi tengdust „bæjarlöggunni“. Viðmælendur okkar spegluðu gjarnan líf og starf dreifbýlislögreglumanna við aðstæður lögreglumanna í þéttbýli, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, sem, að sögn viðmælenda, eru aldrei einir á vakt, fá oftast aðstoð innan nokkurra mínútna, geta sérhæft sig og „varpað vandanum annað“ (Finnur) og horfið inn í mannfjöldann þegar vaktinni sleppir. Sams konar samanburður birtist einnig í frásögnum dreifbýlislögreglumanna erlendis. Burtséð frá því hversu nákvæmlega hann endurspeglar raunveruleikann, veitir samanburðurinn mikilvæga innsýn í upplifun og sjálfsmynd dreifbýlislögreglumanna og mismunandi félagslegt samhengi dreifbýlis og þéttbýlis (Terpstra, 2017).

### Að nýta félagsauð nærsamfélagsins: Neyðin kennir bljúgum að biðja

Dreifbýlislögreglumenn þurfa að 1) sinna ýmsum hlutverkum sem falla ekki beint undir hefðbundin lögreglustörf, 2) leysa margvísleg verkefni, oftast óstuddir og 3) vera hugvitssamir við að nýta sér félagsauð nærsamfélagsins í ljósi mannekle.

Nándin er svo mikil í dreifbýli. Ég upplifði mig ekki bara sem löggú heldur sem félagsráðgjafa, prest og sálfræðing. Ég var með svo marga hatta og ég fékk bara borgað fyrir að vera með einn hatt. Fólk var að koma heim til manns og hringja í einkasíma manns og það skipti ekki máli hvað klukkan var. Þetta var gert allan sólarhringinn. Það var bara ekkert einkalíf. Lögreglumenn í Reykjavík eru ekki að lenda í þessu. . . . Aðrir hafa lent í þessu líka eins og til dæmis læknar og prestar. Ef þú fórst á lífið þá varstu kominn í sálfræðiviðtal og að svara spurningum (Pétur).

Ofangreind ummæli fanga gegnumgangandi upplifun viðmælenda: Starf dreifbýlislögreglumanna nær talsvert út fyrir hefðbundið starfssvið lögreglumanns sökum mannekle, mikillar nándar og skorts á félagsþjónustu. Erlendar rannsóknir ber að sama brunni (t.d. Huey og Ricciardelli, 2015). Ýmislegt bendir þó til þess að þörfin fyrir að „bera marga hatta“ sé enn meiri hérlandis þar sem „allir þekkja alla“ og fólk gerir lítinn mannámun í samskiptum. Þótt hið síðarnefnda sé ýkt lýsing á hún hvað best við í dreifbýli, sem einkennist af bindandi félagsauði (e. *bonding social capital*) eða þétt-riðnum félagslegum tengslum, sterkri samsömun og miklu trausti milli íbúa (Besser, 2009; Þóroddur Bjarnason, 2018). Félagsauðurinn stuðlar að sterku óformlegu félagslegu taumhaldi og fylgispekt við viðmið, sem dregur úr frávíkshæðun og þýðir að dreifbýlislögreglumenn þurfa síður að beita formlegum inngrípum (Black, 1984; Sampson o.fl., 1997).

Starfslýsing dreif- og þéttbýlislögreglumanna er sú sama. Starfsumhverfið er þó ólíkt og lögreglumenn upplifa störfina sem ólík (Pelfrey, 2007; Terpstra, 2017). „Í Reykjavík ertu ein tönn í tannhjólí en hér [í dreifbýli] ertu allt í öllu. Við erum í mesta lagi tvö á vakt og oft er maður einn. Og ef maður byrjar á einhverju þá þarf maður að klára það“ (Katrín). Þessi ummæli eru dæmi um að dreifbýlislögreglumenn eiga við sams konar afbrot og óstýrilæti og í þéttbýli, en tilvikin eru færri. Aðstæður krefjast þess hins vegar að dreifbýlislögreglumenn sinni málum sjálfir, oft frá upphafi til enda, sem er nokkuð sem þéttbýlislögreglumenn gera sjaldnast. Dreifbýlislögreglumenn fá vissulega aðstoð miðlægra tæknideilda, en sökum fjarlægðar er sú aðstoð minni, sérstaklega í smærri málum.

Þrátt fyrir að það sé krefjandi að gera „allt“ hjálpar það dreifbýlislögreglumönnum að verða „þúsundþjalasmiðir“. Dreifbýlislögreglumenn læra fljótt að þeir verða sjálfir að takast á við vandann því þeir geta einfaldlega ekki varpað honum annað. Greinilegt er að viðmælendur eru stoltir af fjölhæfni sinni og finnst gott, sem dreifbýlislögreglumönnum, að hafa mikið sjálfræði og geta fylgt málum eftir. Erlendar rannsóknir sýna að dreifbýlislögreglumenn eru jafnan ánægðir í starfi og finnst þeir hafa jákvæð áhrif á samfélagið (t.d. Fenwick o.fl., 2012).

Viðtölin leiddu það þó fljótt í ljós að það er ekki nóg í dreifbýli að vera fjölhæfur lögreglumaður í ljósi mannekle, ofurálags og skorts á félagsþjónustu. Dreifbýlislögreglumenn þurfa að bæta upp

fyrir mannekle með því að hugsa út fyrir „lögreglukassann“ og nota hugvitssemi til að virkja félagsauð nærsamfélagsins og snúa óhagstæðum aðstæðum sér í hag.

Í ljósi mannekle og skorts á aðstoð töluðu viðmælendur um að fá hjálp almennings við verkefni sem aðrir lögreglumenn myndu sinna í þéttbýli. Dæmi um þetta er að fá viðstadda til að stjórna umferð á vettvangi umferðarslysa; fá aðstoð nærstaddra við að ná stjórn á óstýrilátum gestum á skemmtistöðum; fá hjálp frá öðrum fagaðilum og byggja upp traust samskipti innan stofnana sem skarast við réttarvörslukerfið, s.s. við björgunarsveitarfólk og hjúkrunarfræðinga. Mikilvægast er þó, að mati viðmælenda, að byggja upp góð samskipti við nærsamfélagið svo fólk treysti viðkomandi lögreglumanni og vilji hjálpa. Það getur t.a.m. tekið aðkomumenn langan tíma að ávinna sér traust og öðlast viðurkenningu í fámennum og samheldnum samfélögum (Þóroddur Bjarnason, 2018). Það er þó til mikils að vinna og dreifbýlislögreglumenn læra fljótt að meta félagsauð nærsamfélagsins og notfæra sér hann. Það felst nefnilega heilmikið óformlegt félagslegt taumhald í félagsauðnum, sem dreifbýlislögreglumenn nota til að þurfa síður að beita formlegri inngrípum (Souhami, 2020). Fólk í sterkum og samheldnum samfélögum lætur t.a.m. félagsleg vandamál sig frekar varða (Sampson o.fl., 1997) og hefur jafnan sterkari tilhneigingu til fylgispektar. Orðrómur (t.d. um frávik og áherslur lögreglu) berst hratt í slíku umhverfi, sem dreifbýlislögreglumenn nýta sér við upplýsingaöflun og -miðlun (Black, 1984). Loks töluðu viðmælendur um að snúa áskorunum dreifbýlisins sér í hag. Gott dæmi er hvernig dreifbýlislögreglumenn nota löngu vegalengdirnar til þess að halda yfirvegun og leggja á ráðin um bestu nálgunina.

### Óskýr mörk vinnu og einkalífs: Þar sem allir þekkja alla

Í dreifbýlinu þekkja allir lögreglumanninn og starfið verður ráðandi staða viðkomandi (e. *master status*), þ.e. staðan sem yfirskyggir annað við einstaklinginn (Becker, 1963). „Allir þekkja alla í dreifbýlinu. Allir þekkja þig. Allir vita að þú ert lögreglumaðurinn, hvert sem þú ferð“ (Birgir). Viðmælendur báru þetta saman við það að vinna í fjölmennu þéttbýli. „Það er gríðarlegur munur. Á litlu stöðunum þarftu að díla við borgara sem þú hittir síðan í pottinum eftir vakt eða í búðinni og þú þarft að geta boðið góðan daginn“ (Hannes). Það sem flækir enn frekar tilveru dreifbýlislögreglumanna hvað þetta varðar er að ýmsir sem þeir hafa afskipti af eru tengdir þeim. Í eldri rannsókn á heiðarleika lögreglumanna, sem dæmi, vakti Ólafur Örn Bragason (2005) athygli á því að lögreglumenn eiga frekar á hættu að lenda í siðferðisklemmum í smærri umdæmum. Í sömu rannsókn kemur engu að síður fram að siðferðiskennend lögreglumanna mældist sterkust í minnstu umdæmunum og að íslenskir lögreglumenn mælast almennt mjög heiðarlegir í alþjóðlegum samanburði.

Nálægð almennings og lögreglu er að mörgu leyti ákjósanleg og er t.a.m. hryggjarstykkið í svokallaðri samfélagslöggæslu (e. *community policing*), sem leggur áherslu á nána samvinnu við almenning, m.a. varðandi forvarnir (Skogan, 2008). Mikill brúandi félagsauður í dreifbýli (Besser, 2009) ýtir undir samvinnu almennings og lögreglu, sem er lykilatriði við að halda uppi lögum og reglu. Óformleg samskipti geta m.a. miðlað gagnlegum upplýsingum og þannig stutt við árangursríka löggæslu. Þá gætu dreifbýlislögreglumenn ekki sinnt starfi sínu ef viðkomandi hefðu ekki samvinnufúsan almenning á sínu bandi. Eftirfarandi ummæli sýna t.d. hvernig almenningur hjálpar dreifbýlislögreglumönnum:

Og ef við erum að spá í eins og varðandi ölvaða menn, þá vorum við oft einir eða yfirleitt tveir að fara í svoleiðis en þá höfðum við svo mikinn styrk í samfélaginu. Til dæmis dyraverðir aðstoðuðu okkur alveg gríðarlega mikið og það voru yfirleitt einhverjir björgunarsveitamenn þarna og það var oft bara stutt í aðstoðina. Maður einhvern veginn þekkti alla og gast þá kallað til og beðið um aðstoð. En síðan gat þetta líka virkað öfugt með þessi tengsl, af því þetta er svo lítið samfélag (Orri).

Gallinn við nálægðina er m.a. þau slæmu áhrif sem hún getur haft á einkalíf lögreglumanna (Buttle o.fl., 2010). Það getur t.a.m. dregið dilk á eftir sér að eiga við vini og ættingja sem brjóta af sér. Hins vegar geta dreifbýlislögreglumenn sjaldnast sagt sig frá málum því enginn kemur í þeirra stað.

Starfið getur stundum verið erfitt þar sem maður þekkir alla og vinir mínir hafa stundum ekki talað við mig í ár. Þetta hefur svolítið áhrif á einkalífið . . . Maður missir ákveðin mannréttindi við að starfa í lögreglunni . . . Þetta fylgir því að maður starfar í litlu samfélagi. Þú ert almenningseign í rauninni (Óttar).

Mikill sýnileiki dreifbýlislögreglumanna hefur einnig áhrif á fjölskyldumeðlimi viðkomandi, sem stundum eru t.d. áreittir vegna tengsla sinna við lögregluna. Algengara er þó að lögreglumönnum sjálfum sé hótáð (Ólafur Örn Bragason, 2006). Viðmælendur sögðu að nálægðin gerði lögreglustarfið flóknara og reyndu að setja mörk, með misgóðum árangri.

„Því fámennari sem staðurinn er, því erfiðara er [að halda skýrum mörkum milli vinnu og einkalífs]. Vinnan er líka öðruvísi því maður býr líka í samfélaginu“ (Anna). Klemma dreifbýlislögreglumanna felst í því að þeir vilja skila góðu verki en lifa í góðri sátt við samfélagið þess utan. Hættan við nálægðina er þó sú að hún gleypi lögreglumenn, sem búa þegar í hálfgerðu „fiskabúri“ þar sem nærsamfélagið fylgist grannt með þeim (Oliver og Meier, 2004): „En á móti kom að þú þurftir eiginlega að vinna málin út frá því að þú gætir síðan lifað í sama samfélagi. Þú gast ekki leyft þér að vera að fara fram úr þér á nokkurn hátt eða gera mistök“ (Óttar). Lykilatriði hvað þetta varðar, að mati viðmælenda, er að vera kurteis og fagmannlegur, lesa samfélagið rétt, nálgast aðstæður af mýkt og hugsa til framtíðar. Þetta krefst varkárrar ákvarðanatöku; þess að finna jafnvægi milli strangrar túlkunar lagabókstafsins og þess hvað er best til langframa. Dæmi: Í stað þess að bregðast alltaf harkalega við þegar einhver brýtur lög leggja dreifbýlislögreglumenn áherslu á langtímalausnir (Slade, 2012), s.s. aðvara við minniháttar brot og einblína á alvarleg mál. Tilslakanir geta hins vegar komið í bakið á mönnum:

Á meðan það var gott að tala við fólk og hafa fólkið með sér, þá mátti aldrei gefa of mikinn slaka því þá misstum við bara virðinguna. Og það var erfið lína að eiga við, hvenær þú ættir að ganga harðar fram og hvenær ekki og auðvitað var það bara alltaf matsatriði (Orri).

Viðmælendur nefndu dæmi um lögreglumenn sem voru of stífir eða gáfu of mikinn slaka og liðu fyrir það. Ýmsir fræðimenn undirstrika sérstaklega í þessu samhengi að hörð löggæsla sé óviðeigandi í dreifbýli og að fólk samþykki ekki slíka nálgun (Wood og Trostle, 1997; Wooff, 2017). Dreifbýlislöggæsla er m.ö.o. jafnvægislist sem byggist fyrst og fremst á árangursríkum samskiptum og gagnkvæmu trausti.

### Mjúk löggæsla: Góð samskipti eru lykillinn

Mannleg samskipti einkenna lögreglustarfið öðru fremur og árangursrík löggæsla veltur einkum á góðri samvinnu og trausti almennings (Skogan, 2005). Traust þýðir hér að almenningur treystir því að lögreglan sé starfi sínu vaxin og hafi góð áform, n.t.t. „að segja að við treystum ykkur þýðir að við trúum því að þið hafið góðar fyrirætlanir gagnvart okkur og að þið séuð hæf til þess að framkvæma það sem við treystum ykkur til að gera“ (Hardin, 2006:17).

Þetta er auðvitað öðruvísi [dreifbýlislöggæsla], þú hefur mikið sjálfstæði í því að vinna einn og samskiptin við fólk eru allt öðruvísi og nándin miklu meiri. Ég hef starfað á höfuðborgarsvæðinu, svo ég hef samanburðinn, og samskiptin eru allt öðruvísi. Menn leysa frekar málin [í dreifbýli] með því að tala saman frekar en hitt [með valdbeitingu], eins og er til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er

allt öðruvísi en málin að vissu leyti eins, þú leysir þau bara öðruvísi og verður svolítið að treysta á sjálfan þig (Óttar).

Mikilvægi uppbyggilegra samskipta við að viðhalda trausti og samvinnu er enn meira í dreifbýli, þar sem lögreglumenn eru samofnir samfélaginu og eru jafnan einir á vakt. Traustið, samvinnan og samheldnin eru einmitt lykilþættir óformlegs félagslegs taumhalds sem öðru fremur heldur aftur af frávíkshögðun (Black, 1984; Sampson o.fl., 1997). Viðmælendur voru meðvitaðir um þetta samspil og voru á einu máli um að dreifbýlislögreglumenn þyrftu fyrst og síðast að vera liprir í samskiptum og að samræður væru mikilvægasta „verkfæri“ þeirra.

Mikilvægt er að einstaklingur geti notað samskipti án þess að það verði allt brjál- að. Það eina sem þú hefur er kjafturinn og ef þú kannt að nota hann rétt þá getur þú komið þér úr mörgum aðstæðum. Maður þarf oft og tíðum að nota almenning í sum verkefni til að aðstoða mann (Hannes).

Í ljósi ofangreinds undirstrikuðu viðmælendur okkar mikilvægi þess að nálgast aðstæður varlega, að miðla málum og gefa sér nægan tíma til að tala við fólk. Þessi atriði lýsa grundvallaratriðum mjúkrar löggæslu, sem leggur áherslu á aðra þætti löggæslu en valdbeitingu og þvinganir. Leiðarljós mjúkrar löggæslu er að vinna náið með samfélaginu að lausn vandamála og beita sannfæringarkraftinum og almennri lempni við að halda uppi lögum og reglu (McCarthy, 2014; Wooff, 2017).

Dreifbýlislögreglumenn þurfa að vera góðir í samskiptum til að geta 1) stillt til friðar við erfiðar aðstæður, 2) viðhaldið trausti almennings og 3) haldið uppi lögum og reglum með lágmarks valdbeitingu. Hvað fyrsta atriðið varðar þurfa dreifbýlislögreglumenn að geta lægt öldurnar þegar hætta er á ferðum og þurfa því að leggja rækt við samskiptahæfni sína:

Sko, af því að ég hef alltaf svo mikið unnið einn, þá þjálfast með manni ákveðin kunnátta, sálfræðikunnátta eða eitthvað, til að halda mönnum góðum, ekki vera að æsa þá upp og hafa stjórn á aðstæðum. Því vegna þess að ef við erum tveir lögreglumenn, og maðurinn reiðist eða missir stjórn á sér, þá ráðum við alveg við það. En þar sem ég er einn, þá er hætta á ferðinni. Þannig maður þarf eiginlega að halda viðkomandi góðum, en samt sýna ákveðni, leyfa honum að finna að hann komist ekki neitt, ég ræð og stjórna (Ásmundur).

Í annan stað eru uppbyggileg samskipti lögreglu og almennings sérstaklega mikilvæg í dreifbýli til að byggja upp og viðhalda trausti og samstöðu (Jackson og Bradford, 2010). Árangur dreifbýlislögreglunnar veltur nefnilega á því að samstaða ríki um störf hennar: „Þú getur gert almenning andsnúinn þér eða þú getur haft almenning sem styður þig vegna þess að hann skilur hvað þú ert að gera“ (Páll). Þetta krefst stöðugra samningaviðræðna og sannfæringar þar sem dreifbýlislögreglu- maðurinn leggur sig fram við að viðhalda ímynd sinni, annars vegar sem umhyggjusamur meðlimur samfélagsins og hins vegar sem gegnheill opinber starfsmaður. Í þessu felst að lesa þarfir og óskir samfélagsins, en sýna jafnframt fagmennsku og lúta siðareglum lögreglustarfsins.

Í þriðja lagi voru viðmælendur okkar sérstaklega meðvitaðir um mikilvægi mjúkrar löggæslu í dreifbýli og að óhófleg valdbeiting og harðhentar þvinganir græfu undan trausti almennings og sköpuðu fleiri afbrot og meiri óreiðu en þau koma í veg fyrir:

Ég nota mest mannleg samskipti og það að vera hluti af samfélaginu og blandast. Ég er frekar mildur lögreglumaður og hef alltaf verið. Ég vil að fólk breyti rétt með mjúkum aðferðum. Það þýðir ekkert að vera grjótharður lögreglumaður, það gengur ekki upp í þessu samfélagi. Það eru ekki allir glæpamenn. Samfélagið er eins og einstaklingur og ef þú tekur hann hálstaki þá fer hann að sprikla til að bjarga lífi sínu og ef þú slakar aðeins á, þá líður einstaklingnum betur og þá getur þú komið honum inn í klefa án þess að snerta hann (Sigursteinn).

Ummæli Sigursteins lýsa útgangspunktum mjúkrar löggæslu, sem er í grunninn sú nálgun sem viðmælendur okkar sögðust beita sem dreifbýlislögreglumenn. Þó að mjúk löggæsla og dreifbýlislöggæsla séu ekki einn og sami hluturinn er mjúk löggæsla haldgóð lýsing á dreifbýlislöggæslu í samfélögum þar sem aðstæður fyrir slíka nálgun eru fyrir hendi, s.s. á Íslandi (Wooff, 2017). Langflestir Íslendingar treysta t.a.m. lögreglunni og telja hana lögmætt yfirvald (e. *police legitimacy*), aðgengilega og sýnilega (Margrét Valdimarsdóttir, 2019). Þá er fólk tilbúið að vinna með lögreglunni, sem leyfir henni frekar að beita mjúkum aðferðum. Í dreifbýli ríkir aukinheldur jafnan traust milli fólks, fólk samsamar sig frekar nærsamfélaginu og lætur sig málefni þess varða (Besser, 2009). Fólk í dreifbýli óttast jafnframt síður að verða fyrir afbroti, m.ö.o. treystir það því að aðrir í nærsamfélaginu brjóti ekki af sér (Helgi Gunnlaugsson, 2018). Í gagnkvæmu trausti felst heilmikið óformlegt félagslegt taumhald, sem gefur dreifbýlislögreglunni enn frekari tækifæri til þess að beita mjúkum aðferðum í stað formlegri og harðari inngrípa (Black, 1984). Hið óformlega félagslega taumhald samheldinna samfélaga heldur einnig afbrotatíðninni lægri í dreifbýli en t.a.m. á höfuðborgarsvæðinu (Ríkislögreglustjóri, 2019), sem hvetur til mjúkrar löggæslu.

## Samantekt og lokaorð

Ísland er með einna fæsta lögreglumenn í Evrópu miðað við höfðatölu og hvergi hefur lögreglumönnum fækkað jafn mikið hlutfallslega sl. áratug og hérlendis (Eurostat, 2020b). Samkvæmt Greiningardeild ríkislögreglustjóra (2015, 2019) hafa fólksfjölgun, fjölgun ferðamanna og fækkun lögreglumanna komið niður á löggæslu, ekki síst í dreifbýli. Niðurstöður viðtala leiddu í ljós að dreifbýlislögreglumenn upplifa manneklu, ofurálag, margþætt verkefni, litla aðstoð og óskýr mörk vinnu og einkalífs sem sínar helstu áskoranir. Helstu bjargráð dreifbýlislögreglumanna eru að þróa með sér fjölpætta kunnáttu og hugvitssemi við að virkja félagsauð nærsamfélagsins. Mikilvægust er góð samskiptahæfni sem grundvallast á samræðum, hæfileikanum að geta stillt til friðar og mjúkri löggæslu til að viðhalda trausti almennings og samstöðu.

Mikil áhersla hérlendra dreifbýlislögreglumanna á mjúka löggæslu flækir „hörkutóls-ímyndina“ sem dregin er upp af lögreglumönnum í rannsóknum á lögreglumeningu (t.d. Cockcroft, 2017). Ekki má þó leggja dreifbýlislöggæslu að jöfnu við mjúka löggæslu eða ýta undir tvíhyggjuna að dreifbýli sé friðsælt og þéttbýli hættulegt. Hins vegar ættum við að „viðurkenna að margbreytilegt dreifbýli býður, þrátt fyrir aðfangaskort lögreglu, upp á mikil tækifæri til að taka þátt í samfélaginu“ (Wooff, 2017:130), sem hvetja til mjúkrar löggæslu. Á Íslandi eru jafnframt kjöraðstæður fyrir mjúka löggæslu, sérstaklega í dreifbýli. Ísland er t.d. á meðal þeirra landa þar sem mest traust ríkir í garð lögreglu (Kääriäinen, 2016; Tómas Bjarnason, 2014). Í annan stað beita norræn lögreglulið mannúðlegri aðferðum en víðast annars staðar (Ugelvik, 2016). Ísland og Noregur eru t.a.m. í hópi þeirra fimm Vesturlanda þar sem lögreglumenn ganga ekki með skotvopn við skyldustörf (Noack, 2016). Ólíkt norskum kollegum sínum hafa íslenskir lögreglumenn þó aldrei verið búnir rafbyssum (Þingskjal nr. 607/2010–2011). Rannsóknir benda jafnframt til þess að lágmarks valdbeiting íslensku lögreglunnar – jafnvel þegar á róstusömum fjöldamótmælum stendur – auki traust til lögreglunnar (Ingólfur V. Gíslason, 2014; Tómas Bjarnason, 2014). Í þriðja lagi er afbrota- og fangelsunartíðni hérlendis lág og dómur hóflegur í alþjóðlegum samanburði. Afbrotatíðnin er sérstaklega lág í dreifbýli (Helgi Gunnlaugsson, 2018). Í fjórða lagi hefur lág afbrotatíðni hérlendis m.a. verið rakin til öflugs óformlegs taumhalds, sem grundvallast á fólksfæð, mikilla innbyrðis tengsla, sterkrar samsömunar og þess að Íslendingar eru eyþjóð þar sem fólk þarf að reiða sig hvert á annað (Baumer o.fl., 2002). Óformlegt félagslegt taumhald styður við mjúka löggæslu og þykir sérlega sterkt í samheldnum dreifbýlissamfélögum (Besser, 2009). Í fimmta lagi er Ísland friðsælt og herlaust (Institute for Economics & Peace, 2020). Loks hvetja einsleitni, jafnaðarandi og öflugt velferðarkerfi, í alþjóðlegum samanburði, til mannúðlegrar löggæslu, sem endurspeglar og eykur traust til lögreglu, samvinnu og óformlegt félagslegt taumhald (Baumer o.fl., 2002).

Durlauf og Nagin (2011) staðhæfa að afbrotafraeðingar ættu að horfa til velmegandi (síð)nú-tímabjódfélaga sem hafa náð að halda afbrotum niðri og fangelsunartíðni lágrí þrátt fyrir örur þjóðfélagsbreytingar með því að beita m.a. markvissri löggæslu. Þeir spyrja: „Að hve miklu leyti reynir lögreglan að virkja óformlegt félagslegt taumhald samfélagsins til að stemma stigu við afbrotum?“ (bls. 41). Baumer (2011) segir jafnframt að við þurfum að leita út fyrir réttarvörslukerfið í löndum með lága glæpatíðni til að greina hvernig þjóðfélagsskipanin dregur úr afbrotum. Ísland hefur lága glæpatíðni og mjúk löggæsla dreifbýlislögreglumanna á sinn þátt í árangrinum. Lögreglumenn víða gætu lært sitt hvað af mjúkri nálgun íslenskra dreifbýlislögreglumanna. Hætta er þó á að aukin miðstýring „geri mjúka löggæslu erfiðari viðfangs með því að breyta hlutverki dreifbýlislögreglumannsins í eitthvað sem er meira í ætt við viðbragðsaðila í þéttbýli“ (Wooff, 2017:129).

Þrátt fyrir áskoranirnar sögðu viðmælendur að þeim líkaði sjálfræðið sem fylgir starfi dreifbýlislögreglumannsins og að geta séð árangur erfiðis síns. Þeir voru einnig meðvitaðir um að mikil nálægð og þekking á nærsamfélaginu greiði fyrir þeim árangursríku samskiptum sem starf þeirra grundvallast á. Erlendar rannsóknir sýna einmitt að dreifbýlislögreglumenn eru jafnan ánægðir, eru stoltir af starfi sínu og finnst þeim hafa áhrif (t.d. Fenwick o.fl., 2012). Íslenskar rannsóknir sýna að lögreglumenn í landsbyggðunum eru, að meðaltali, ánægðari en lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru auk þess minna kvíðnir og þjást síður af þunglyndi og stressi, þrátt fyrir minni félagslegan stuðning (Ólafur Örn Bragason og Ólafur Kári Júlíusson, 2008; Tinna Jóhannudóttir og Ólafur Örn Bragason, 2011).

Ýmislegt bendir til þess að þær áskoranir dreifbýlislögreglumanna sem stafa af mikilli nálægð við nærsamfélagið (t.d. Buttle o.fl., 2010) séu ýktari í íslensku örsamfélagi en víðast annars staðar. Aukinheldur eru margir dreifbýlislögreglumenn uppaldir þar sem þeir vinna. Þessi atriði gætu skýrt, að hluta, af hverju það hefur löngum verið erfiðara að manna stöður í dreifbýli með menntuðum lögreglumönnum. Þá er þess ekki krafist að íslenskir lögreglumenn starfi í ákveðinn tíma á mismunandi svæðum, eins og t.d. var gert í Skotlandi (Souhami, 2020). Þetta eykur hins vegar líkurnar á því að ekki takist að manna stöður í dreifbýli með menntuðum lögreglumönnum: Að of mikið mæði á afleysinga- og héraðslögreglumönnum, að dreifbýlislöggæsla einkennist af mikilli starfsmannaveltu eða að dreifbýlislögreglumenn verði þaulsetnir. Vonast er til að færsla grunnnáms lögreglumanna á háskólastig og sambland fjar- og staðarnáms hjálpi til að þessu leyti (Guðmundur Oddsson o.fl., 2020). Rannsókn sýnir að um þrjár af fjórum fjarnemum í háskólum hérlendis búa áfram í heimabyggð að lokinni útskrift (Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017).

Loks töluðu ýmsir viðmælendur um að hafa verið „hent út í djúpu laugina“ snemma á starfsferlinum sem dreifbýlislögreglumenn og að þeir hafi lært mest af reyndari lögreglumönnum. Þrátt fyrir bratta lærdómskúrfu segjast þeir hafa lært mikið og að það myndi gera öllum lögreglumönnum gott að vinna sem dreifbýlislögreglumenn, þar sem slíkt geri viðkomandi fjölbærari og hæfari í mannlegum samskiptum. Hversu vel eru þó verðandi lögreglumenn búnir undir dreifbýlislöggæslu í ljósi viðvarandi manneklu og aukinnar miðstýringar? Vissulega þarf að fræða verðandi lögreglumenn um sérstakar áskoranir dreifbýlislöggæslu í námi þeirra en – miðað við hversu samofin dreifbýlislöggæsla er umhverfinu – „er nokkurn tíma hægt að bjóða upp á árangursríka þjálfun utan vinnuumhverfisins og samhengis þess?“ (Slade, 2012:123). Þetta er mikilvægt úrlausnarefni hérlendis því lögreglumönnum sem staðsettir eru í fámennari byggðarlögum hefur fækkað. Mögulegar lausnir felast í því að verðandi lögreglumenn fái starfsþjálfun í bæði dreifbýli og þéttbýli, leggja enn meiri rækt við mjúka löggæslu, fara varlega í frekari miðstýringu og fjölga lögreglumönnum í dreifbýli.

## **Pakkir**

Rannsókn þessi var styrkt af Byggðarannsóknasjóði Byggðastofnunar og Vísindasjóði Háskólans á Akureyri. Höfundar vilja þakka Rebekku Rún Sævarsdóttur og Sif Þórisdóttur fyrir hjálp við gagnaöflun og Oddi Ævari Guðmundssyni, Ólafi Erni Bragasynti, Rannveigu Þórisdóttur og Þóroddi

Bjarnasyni fyrir góðar athugasemdir við fyrri útgáfur af þessari grein. Jafnframt fá ritrýnar þakkir fyrir uppbyggilega gagnrýni.

## Heimildaskrá

- Baker, Sarah og Rosalind Edwards. 2012. *How Many Qualitative Interviews is Enough?* National Center for Research Methods. Sótt 20. ágúst 2019 af <http://eprints.ncrm.ac.uk/2273/>.
- Balvig, Flemming og Holmberg, Lars. 2005. Politi og Trygghed: Forsøg med næropoliti i Danmark. *Lov og Rett* 44: 509–511.
- Baumer, Eric. 2011. Uncertainty about Reduced Severity, Concerns about Increased Certainty, and Alternative Paths to Lower Rates of Crime and Imprisonment. *Criminology & Public Policy* 10(1): 169–178.
- Baumer, Eric, Richard Wright, Kristín Kristinsdóttir og Helgi Gunnlaugsson. 2002. Crime, Shame, and Recidivism: The Case of Iceland. *British Journal of Criminology* 42(1): 40–59.
- Bayley, David. 2016. The Complexities of 21st Century Policing. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 10(3): 163–170.
- Becker, Howard. 1963. *Outsiders*. New York: Free Press.
- Besser, Terry. 2009. Changes in Small Town Social Capital and Civic Engagement. *Journal of Rural Studies* 25(2): 185–193.
- Birna Stefánsdóttir. 2019. Lögregluráði verður komið á fót. *Kjarninn* 3. desember 2019. Sótt 25. ágúst 2020 af <https://kjarninn.is/frettir/2019-12-03-logregluradi-verdur-komid-fot/>.
- Black, Donald. 1984. *Toward a General Theory of Social Control*. New York: Academic Press.
- Buttle, John, Corrine Fowler og Mei Wah Williams. 2010. The Impact of Rural Policing on the Private Lives of New Zealand Police Officers. *International Journal of Police Science & Management* 12(4): 596–606.
- Ceccato, Vania og Lars Dolmen. 2011. Crime in Rural Sweden. *Applied Geography* 31(1): 119–135.
- Cockcroft, Tom. 2017. Police Culture: Histories, Orthodoxies, and New Horizons. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 11(3): 229–235.
- Corbin, Juliet og Anselm Strauss. 1998. *Basics of Qualitative Research: Techniques and Procedures for Developing Grounded Theory*. London: Sage.
- Cordner, Gary. 2011. The Architecture of U.S. Policing: Variations among the 50 States. *Police Practice and Research: An International Journal* 12(2): 107–119.
- Durlauf, Steven og Daniel Nagin. 2011. Imprisonment and Crime: Can both be Reduced? *Criminology and Public Policy* 10(1): 13–54.
- Duxbury, Linda, and Christopher Higgins. 2012. *Caring for and about Those Who Serve: Work-Life Conflict and Employee Well Being within Canada's Police Departments*. Carleton University, Sprott School of Business
- Esping-Andersen, Gösta. 1990. *The Three Worlds of Welfare Capitalism*. Princeton: Princeton University Press.
- Eurostat. 2020a. *Nights Spent at Tourist Accommodation Establishments by Residents/Non-Residents*. Sótt 14. júlí 2020 af [https://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=tour\\_occ\\_nim&lang=en](https://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=tour_occ_nim&lang=en).
- Eurostat. 2020b. *Personnel in the Criminal Justice System by Sex*. Sótt 11. júlí 2020 af [https://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=crim\\_just\\_job&lang=en](https://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=crim_just_job&lang=en).
- Fenwick, Tara. 2015. Learning Policing in Rural Spaces: „Covering 12 Foot Rooms with 8 Foot Carpets“. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 9(3): 234–241.
- Fenwick, Tara, Richard Dockrell, Ian Roberts og Bonnie Slade. 2012. Rural Policing: Understanding Police Knowledge and Practice in Rural Communities, í *Scottish Institute for Policing Research: Annual Report* (bls. 26–27). Scottish Institute for Policing Research: Glasgow.
- Ferðamálastofa. 2020. *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*. Reykjavík: Ferðamálastofa. Sótt 17. júlí 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>.
- Finnborg Salmóme Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. 2018. Preserving Masculine Dominance in the Police Force with Gendered Bullying and Sexual Harassment. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 12(2): 165–176.
- Greiningardeild ríkislögreglustjóra. 2015. *Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi*. Sótt 10. maí 2020 af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/09/Skipul%C3%B6g%C3%B0-gl%C3%A6pastarfsemi-mat-GRD-september-2015.pdf>.
- Greiningardeild ríkislögreglustjóra. 2019. *Umhverfi löggæslu á Íslandi 2020–2024: Stefnumiðuð greiningarskýrsla*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri. Sótt 4. apríl 2020 af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/12/Umhverfi%C3%B6gg%C3%A6slu-%C3%A1-%C3%8Dslandi-2020-2024.pdf>.
- Guðbjörg S. Bergsdóttir, Guðrún S. Baldursdóttir og Fannar Kristmannsson. 2019. *Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa 2019*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri. Sótt 19. júní 2020 af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/03/Reynsla-landsmanna-af-afbrotum-og-%c3%b6ryggi-%c3%adb%3%baa-2018-spurt-2019.pdf>.
- Guðmundur Kjerúlf. 2017. *Alag og fjölgun slysa hjá lögreglunni*. Reykjavík: Vinnueftirlitið. Sótt 12. júní 2020 af <https://www.vinnueftirlit.is/media/alagofjolgunslahjalogreglunni/Gudmundur-Kjerulf-.pdf>.
- Guðmundur Oddsson, Andrew Paul Hill, Þóroddur Bjarnason, Ólafur Örn Bragason og Kjartan Ólafsson. 2020. Iceland as a Microcosm of the Effects of Educational Reforms on the Social Background of Police Students, í Tore Björgo og Marie-Louise Damen (ritstj.), *The Making of a Police Officer: Comparative Perspectives on Police Education and Recruitment* (bls. 81–95). New York: Routledge.
- Hagstofa Íslands. e.d. *Erlendir ríkisborgarar: Hlutfall af mannfjölda*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>.

- Hagstofa Íslands. 2020a. *Lykiltölur mannfjöldans 1702 til 2020*. Sótt 2. ágúst 2020 af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit\\_\\_mannfjolda/MAN00000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f36e0660-cb81-4ab0-92b6-8f8301a8d0c7](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit__mannfjolda/MAN00000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f36e0660-cb81-4ab0-92b6-8f8301a8d0c7).
- Hagstofa Íslands. 2020b. *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010–2020*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 2. ágúst 2020 af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_arsfjor-dungstolur/MAN10001.px/?rxid=9ca6545e-5ecd-4223-abc4-951a487a9530.%20S%c3%b3tt.%202.%20mars%202017](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__arsfjor-dungstolur/MAN10001.px/?rxid=9ca6545e-5ecd-4223-abc4-951a487a9530.%20S%c3%b3tt.%202.%20mars%202017).
- Hardin, Russell. 2006. *Trust*. Cambridge: Polity Press.
- Helgi Gunnlaugsson. 2018. *Afbrot og íslenskt samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Huey, Laura og Rose Ricciardelli. 2015. „This isn't what I signed up for“: When Police Officers' Role Expectations Conflict with the Realities of General Duty Police Work in Remote Communities. *Police Science & Management* 17(3): 194–203.
- Høigard, Cecilie. 2011. Policing the North. *Crime and Justice* 40(1): 265–348.
- Ingólfur V. Gíslason. 2014. Lögreglan og búsáhaldabyltingin. *Íslenska þjóðfélagið* 5(2): 5–18.
- Institute for Economics & Peace. 2020. *Global Peace Index 2020*. Sidney: Institute for Economics & Peace. Sótt 1. september 2020 af <http://visionofhumanity.org/reports>.
- Jackson, Jonathan og Ben Bradford. 2010. What is Trust and Confidence in the Police? *Policing: A Journal of Policy and Practice* 4(3): 241–248.
- Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson. 2012. Hverjir óttast mest afbrot á Íslandi? *Íslenska þjóðfélagið* 3(1): 77–92.
- Jónas Orri Jónasson og Rannveig Þórisdóttir. 2017. *Ótti við afbrot og reynsla af þeim*. Reykjavík: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. Sótt 2. september 2020 af [https://issuu.com/logreglan/docs/\\_olendak\\_\\_nnun\\_2017](https://issuu.com/logreglan/docs/_olendak__nnun_2017).
- Kääriäinen, Juha. 2016. Why Trust in the Police Varies Between European Countries. *European Law Enforcement Research Bulletin 1*: 91–100.
- Lim, Hyeoung, Hoon Lee og Steven J. Cuvelier. 2010. The Impact of Police Levels on Crime Rates: A Systematic Analysis of Methods and Statistics in Existing Studies. *Pacific Journal of Police & Criminal Justice* 8(1): 49–82.
- Lindström, Peter. 2015. Police and Crime in Rural and Small Swedish Municipalities. *Journal of Rural Studies* 39(1): 271–277.
- Lögreglan. 2020. *Umdæmin*. Sótt 14. júní 2020 af <https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/>.
- Margrét Valdímarsdóttir. 2019. *Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum almennings til þjónustu og starfa lögreglunnar*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun. Sótt 14. júní 2020 af [https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/03/Rikislog-reglustjori\\_2019\\_%c3%bej%c3%b3nustuhluti.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/03/Rikislog-reglustjori_2019_%c3%bej%c3%b3nustuhluti.pdf).
- McCarthy, Daniel. 2014. „Soft“ Policing: *The Collaborative Control of Anti-social Behaviour*. New York: Palgrave Macmillan.
- Noack, Rick. 2016. 5 Countries Where Most Police Officers do not Carry Firearms — and it Works Well. *Washington Post* 8. júlí 2016. Sótt 7. ágúst 2020 af <https://www.washingtonpost.com/news/worldviews/wp/2015/02/18/5-countries-where-police-officers-do-not-carry-firearms-and-it-works-well/>.
- OECD. 2012. *OECD Regional Typology*. Sótt 4. mars 2018 af [https://www.oecd.org/cfe/regionalpolicy/OECD\\_regional\\_typology\\_Nov2012.pdf](https://www.oecd.org/cfe/regionalpolicy/OECD_regional_typology_Nov2012.pdf).
- Oliver, Willard og Cecil Meier. 2004. Stress in Small Town and Rural Law Enforcement: Testing the Assumptions. *American Journal of Criminal Justice* 29(1): 37–56.
- Ólafur Örn Bragason. 2005. *Heiðarleiki lögreglu: Könnun meðal starfandi lögreglumanna á Íslandi*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri.
- Ólafur Örn Bragason. 2006. *Assaults against Police Officers: A Self-Report Study among Icelandic Police Officers*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri.
- Ólafur Örn Bragason og Ólafur Kári Júlíusson. 2008. *Könnun á streitu og líðan lögreglumanna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri.
- Pelfrey, William. 2007. Style of Policing Adopted by Rural Police and Deputies: An Analysis of Job Satisfaction and Community Policing. *Policing: An International Journal of Police Strategies & Management* 30(4): 620–636.
- Pratt, John og Anna Eriksson. 2013. *Contrasts in Punishment*. London: Routledge.
- Rantatalo, Oscar, Ola Lindberg og Markus Hällgren. 2020. Criminal Investigation in Rural Areas: How Police Detectives Manage Remoteness and Resource Scarcity. *Policing: A Journal of Policy and Practice*. <https://doi.org/10.1093/police/paaa023>.
- Ricciardelli, Rose. 2018. „Risk It Out, Risk It Out“: Occupational and Organizational Stresses in Rural Policing. *Police Quarterly* 21(4): 415–439.
- Ríkislögreglustjóri. 2007–2016. *Ársskýrslur 2007–2016*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri. Sóttar 5. ágúst 2020 af <https://www.logreglan.is/utgafa/arsskyrslur/>.
- Ríkislögreglustjóri. 2016. *Fjöldi starfsmanna lögreglu 1. febrúar 2016*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri. Sótt 18. júní 2020 af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/05/Fj%C3%B6ldi-starfsmanna-l%C3%B6greglu-1.febr%C3%BAr-2016-1.pdf>.
- Ríkislögreglustjóri. 2019. *Afbrotatölfræði 2018*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri. Sótt 3. ágúst 2020 af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/05/Afbrotat%C3%B6lf%C3%A6%C3%B0i-2018-29.5.2019.pdf>.
- Ruddell, Rick og Nicholas Jones. 2020. Policing the „Middle of Nowhere“: Officer Working Strategies in Isolated Communities. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 14(2): 414–427.



- Sameinuðu þjóðirnar. e.d. *Iceland: Country Profile*. Sótt 2. ágúst 2020 af <http://data.un.org/en/iso/is.html>.
- Sampson, Robert J., Stephen W. Raudenbush og Felton Earls. 1997. Neighborhoods and Violent Crime: a Multilevel Study of Collective Efficacy. *Science* 277(5328): 918–924.
- Sigurður Jónasson. 2018. *Einn á vakt*. Fyrirlestur á ráðstefnunni Löggæsla og samfélagið við Háskólann á Akureyri 21. febrúar 2018.
- Silverman, David. 2013. *Doing Qualitative Research*. Los Angeles: Sage.
- Skogan, Wesley. 2005. Citizen Satisfaction with Police Encounters. *Police Quarterly* 8(3): 298–321.
- Skogan, Wesley. 2008. An Overview of Community Policing: Origins, Concepts, and Implementation, í T. Williamson (ritstj.), *The Handbook of Knowledge-Based Policing* (bls. 43–57). New York: John Wiley & Sons.
- Slade, Bonnie. 2012. Professional Learning in Rural Practice: a Sociomaterial Analysis. *Journal of Workplace Learning* 25(2): 114–124.
- Smith, Robert og Peter Somerville. 2013. The Long Goodbye: A Note on the Closure of Rural Police-Stations and the Decline of Rural Policing in Britain. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 7(4): 348–358.
- Souhami, Anna. 13. ágúst 2020. Understanding Police Work in the Remote Northern isles of Scotland: The Extraordinary Ordinarity of Island Policing. Edinburgh School of Law Research Paper No. 2020/17. Aðgengilegt á SSRN: <https://ssrn.com/abstract=3673425>.
- Terpstra, Jan. 2017. Storytelling about Rural Policing – the Social Construction of a Professional Identity. *European Journal of Policing Studies* 4(4): 17–33.
- Tinna Jóhannudóttir og Ólafur Örn Bragason. 2011. *Könnun á félagsuðningi og streitu meðal lögreglumanna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin.
- Tómas Bjarnason. 2014. Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnmalamanna og forseta Íslands í kjölfar hrunsins. *Íslenska þjóðfélagið* 5(2): 19–38.
- Ugelvik, Synnøve. 2016. Policing High-Trust Societies – Five Pieces to the Puzzle. *Nordisk politiforskning* 3: 97–110.
- Van Craen, Maarten og Wesley Skogan. 2015. Differences and Similarities in the Explanation of Ethnic Minority Groups' Trust in the Police. *European Journal of Criminology* 12(3): 300–323.
- Wood, Darryl og Lawrence Trostle. 1997. The Nonenforcement Role of Police in Western Alaska and the Eastern Canadian Arctic. *Journal of Criminal Justice* 25(5): 367–379.
- Wooff, Andrew. 2015. Relationships and Responses: Policing Anti-social Behaviour in Scotland. *Journal of Rural Studies* 39(1): 287–295.
- Wooff, Andrew. 2017. „Soft“ Policing in Rural Scotland. *Policing: A Journal of Policy and Practice* 11(2): 123–131.
- Yarwood, Richard. 2015. Lost and Hound: The More-than-human Networks of Rural Policing. *Journal of Rural Studies* 39(1): 278–286.
- Yarwood, Richard og Rob Mawby. 2011. Wh(i)ther Rural Policing? An Afterword, í R. Mawby og R. Yarwood (ritstj.), *Rural Policing and Policing the Rural: a Constable Countryside?* (bls. 217–221). Farnham, England: Ashgate Publishing Limited.
- Yarwood, Richard og Andrew Wooff. 2016. Policing the Countryside in a Devolving United Kingdom, í J. F. Donnermeyer (ritstj.), *The Routledge International Handbook of Rural Criminology* (bls. 375–386). New York: Routledge.
- Þingskjal nr. 607/2010–2011. Svar dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Auðar Lilju Erlingsdóttur um rafbyssur í lögreglustarfi.
- Þingskjal nr. 1316/2017–2018. Dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um lögreglumenn.
- Þóroddur Bjarnason. 18. nóvember, 2015. Af hverju er það vandamál að íbúum landsbyggðarinnar fari fækkandi? *Vísindavefurinn*. Sótt 3. júní 2020 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=70980>.
- Þóroddur Bjarnason. 2018. Innfæddir og aðfluttir andskotar: Áhrif uppruna og staðarsamsemdar á búsetuánægju á Norðurlandi. *Íslenska þjóðfélagið* 9(1): 22–44.
- Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2017. University Pathways of Urban and Rural Migration in Iceland. *Journal of Rural Studies* 54: 244–254.

## Um höfunda

**GUÐMUNDUR ODDSSON** (goddsson@unak.is) er dósent í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Guðmundur útskrifaðist með doktorspróf í félagsfræði árið 2014 frá Missouri-háskóla. Frá 2014 til 2017 var Guðmundur lektor við félags- og mannfræðideild Norður-Michigan-háskóla. Rannsóknir Guðmundar hverfast um stéttaskiptingu, frávík og félagslegt taumhald.

**ANDREW PAUL HILL** (andyhill@unak.is) er lektor í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri. Andrew útskrifaðist með doktorspróf í sakfræði árið 2013 frá De Montfort-háskóla en hann kenndi einnig við sama háskóla. Andrew var þar áður í bresku lögreglunni sem og herlögreglunni. Rannsóknir Andrew beinast að lesblindum lögreglumönnum, siðferði lögreglu, jafnrétti og fjölbreytni og lögreglumenntun.